

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.

#### 1. gr.

Við 4. mgr. A. liðar 8. gr. reglugerðarinnar bætist 2. ml. sem orðast svo:  
Heimilt er þó að nota sjálfskipta bifreið við verklegt próf í C1- og D1-flokki og skal það þá gefið til kynna með tákntölu í ökuskírteini.

#### 2. gr.

4. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á töflu í 10. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Stundir“ í BE línu fellur talan „4“ niður.
- b. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Fækkun vegna fyrra náms - Flokkur“ í C1E/D1E línu fellur „BE“ niður.
- c. Í dálki með fyrirsögninni „2. Bóklegt nám fyrir hvern flokk – Fækkun vegna fyrra náms - Stundir“ í C1E/D1E línu fellur talan „-4“ niður.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 34. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í 1. tl. 1. mgr. á milli „B-“ og „T-flokkur“ bætist við: BE-
- b. Í d-lið 3. tl. 1. mgr. fellur „BE-“ brott.

#### 5. gr.

40. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

- a. a-liður 1. tl. 1. mgr. verður svohljóðandi: B-, BE- og T-flokk.
- b. iv-liður c-liðar 1. tl. 1. mgr. verður svohljóðandi: C1E-, CE-, D1E- og DE-flokk.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. tl. í III. kafla I. viðauka við reglugerðina:

- a. Texti við tákntöluna 500 verður svohljóðandi: Löggilding ökukennara fyrir B- og BE-flokk.
- b. Texti við tákntöluna 525 verður svohljóðandi: Löggilding ökukennara fyrir AM-, A1-, A2-, A-, B- og BE-flokk.

#### 7. gr.

Í IV. viðauka við reglugerðina undir 2. tl. fellur 13. mgr. (8. mgr. eftir töflu) brott.

#### 8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 52. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 31. mars 2017.*

**Jón Gunnarsson**

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*